

Nd. **234. Frumvarp til laga** [130. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 31. janúar 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er rikissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 25. janúar 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til að framlengja frest skv. 16. gr. laga nr. 46/1973 um einn mánuð, til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt er rikissáttasemjara veitt heimild til að leita sátta milli aðila til 25. jan. 1976, ef annar hvor aðili óskar þess. Ástæðan fyrir frestunardeiðni þessari er sú, að aðilar eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur.